



Gatnalýsing Reykjavíkurborgar

Skrifstofa borgarlansins

Kynnir: Karl Eðvaldsson



Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

- Óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag gatnalýsingar í borginni og skýringum á því hvers vegna henni hefur verið verulega ábótavant að undanfögnu.
- Óvirkir ljósastaurar eru áberandi víða í borginni, ekki síst við stofnbrautir eins og Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsveg. Að kvöldi 20. janúar sl. gat t.d. að líta 27 óvirka ljósastaura við Vesturlandsveg, einungis á kaflanum milli Sæbrautar og Höfðabakka.
 - a) Er um að ræða þörf á peruskiptum eða víðtækari bilanir og ef svo er, í hverju felast þær?
 - b) Hvernig er eftirliti háttað með óvirkum ljósastaurum? Er slíkt eftirlit reglubundið og við hvaða tíma er þá miðað?
 - c) Hvaða verkferlar eru í gildi um viðhald og viðgerðir á óvirkum ljósastaurum?



Er um að ræða þörf á peruskiptum eða víðtækari bilanir og ef svo er, í hverju felast þær?

- 25% af ljósum borgarinnar eru ennþá perulampar en ekki led lampar. Perulamparnir eru mun gjarnari á að bila en led ljós.
- Uppsöfnuð þörf á peruskiptum á t.d. Vesturlandsveg og Hringbraut var vegna þess að perur voru ekki til hjá birgjum. Framleitt er mun minna af perum vegna Evrópu löggjafar um að það eigi að færa lýsingu í vistvænni lýsingu.
- Mesti viðhaldskostnaðurinn hjá borginni í gatnalýsingu er vegna gömlu perulampana eða um 75% af hefðbundnu viðhaldi lýsingar að undanskildu bilanaleit.
- Perukostnaður hefur hækkað gríðarlega vegna þess hve lítið er framleitt af þeim í dag.
- Ljósleysi í Bríetartúni og Norðurmýrinni, á þessu svæði eru mikið af gömlum perulömpum
 - Lagnir í hverfinu hafa ekki verið endurnýjaðar nema að litlu leiti og er stór hluti götuljósastrengja frá því fyrir árið 1969. Þarna hafa verið mjög þrálátar bilanir í vetur og stundum ljósleysi dögum saman.
 - Perulampar eru aflfrekari en nýrri LED-lampar og því er álag á götuljósastrengina meira.
 - Erfitt að finna bilun í svona gömlum strengjum, því oft er þetta háð raka eða bleytu í jarðvegi. Bilun getur því horfið um tíma ef jarðvegur þornar.
 - Framkvæmdir við Hlemm hafa einnig haft mikil áhrif á ljósleysi í hverfinu, þar er þá t.d. grafið í sundur strengi og eða mikil spennuflökt sem gömlu lagnirnar og perurnar þola illa.



Hvernig er eftirliti háttað með óvirkum ljósastaurum? Er slíkt eftirlit reglubundið og við hvaða tíma er þá miðað?

- Eftirlit á óvirkum ljósum er ekki sinnt eftir reglubundnu eftirliti. Það var gert en reyndist dýrt og óskilvirkt.
- Verktakar er sinna viðhald á gatnalýsingu og starfsmenn borgarlandsins eru á ferðinni alla daga og sinni hlutverk eftirlitsaðila
- Íbúar borgarinnar eru duglegir að senda inn ábendingar á ábendingavef borgarinnar sem að starfsmaður tækniþjónustunnar vaktar.
- Verktakar á vegum borgarinnar fá verkbeiðni og eiga að laga biluð ljós eins fljótt og unnt er.
- Bakvakt sinnir neyðartilfellum t.d. þegar aftengja þarf staur eftir árekstur eða laga meiriháttar útslátt á götuljósum í einstökum hverfum.



Hvaða verkferlar eru í gildi um viðhald og viðgerðir á óvirkum ljósastaurum?

Reykjavíkurborg hefur tekið að sér allan rekstur gatnalýsingar af ON. Verkferlar og gæða kröfur í gatnalýsingu er unnið í samræmi við þjónustuhandbók sem gerð var í samvinnu við ON.

Verktakar á vegum tækniþjónustunnar sinna verkefnum undir eftirliti starfsmanna tækniþjónustunnar á rekstrar- og minniháttar viðhaldsverkefnum í gatnalýsingu borgarinnar.

Endurnýjun lagna og ný framkvæmdir í gatnalýsingu er sinnt af skrifstofu framkvæmda og viðhalds.



Þjónustuhandbók Orkunátturunnar við Reykjavíkurborg varðandi gatnalýsingu.

Leiðbeiningar um verklag og skýringar við greiðsluliðaskrá

Rekstrar- og viðhaldspættir sem þjónustuaðili tekur að sér að sinna fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.





Klára þarf að LED væða gatnalýsinguna

- Kostnaður við að reka 6.948 lampa (25% af heildar lömpum) sem ekki eru LED er 144 miljónir króna á ári á verðlagi ársins 2024.
- Kostnaðurinn við rekstur sambærilegra LED lampa kostar 37 miljónir króna á ári og með því að breyta þeim í LED sparast því 107 miljónir króna á ári.
- Í upphafi LED væðingar árið 2018 var gert ráð fyrir að endurgreiðslutími lampa væri 6-7 ár sem er núna innan við 4 ár. Helstu orsakavaldarnir eru betri nýtni LED ljósgjafa, verð lampa hefur haldist nokkuð stöðugt, hærra raforkuverð og lægri verktakakostnaður við útskipti lampa.

Sparnaður	2025	2026	2027
Kostnaður við að reka 6.948 lampa sem ekki eru LED*	144.554.978	156.773.311	164.491.882
Kostnaður við að reka 6.948 LED lampa í húsagötum og á stígum*	37.235.597	39.816.193	41.446.409
Sparnaður með því að skipta yfir í LED lampa	107.319.381	116.957.118	123.045.473
Kostnaður við útskipti lampa sem ekki eru LED**	408.264.780	428.678.019	450.111.920
Endurgreiðslutími (ár)***	3,80	3,67	3,66

*Reiknað er með að orkukostnaður hækki um 18,3% árið 2026 og 9,8% árið 2027 **

*Reiknað er með að aðföng og vinna hækki um 5% á milli ára ***

*Eftir mælavæðinguna sparast orkukostnaður vegna miðnæturdimmingar sem gerir endurgreiðslutímann 0,2 árum lengri ****



Reykjavík